

kunna að finnast á þessum stöðum. Leitarheimildin nær einnig til læstra hirslna.

Mánudaginn 19. september 1977.

Nr. 140/1977. Valdstjórnin
 gegn
Agli Þorfinnssyni.

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Guðmundur Kristjánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

Varnaraðili hefur með kæru hinn 17. ágúst sl. skotið úrskurði sakadóms Keflavíkur, er gekk hinn 16. ágúst s. á., til Hæstaréttar. Barst kæran 23. ágúst s. á. Talsmaður varnaraðilja ritaði greinargerð í málinu, dags. 22. ágúst s. á. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og varnaraðilja dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði svo og að bæjarfógetanum í Keflavík verði dæmt að greiða sér 3.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 18. ágúst 1977 til greiðsludags.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu, dags. 14. september sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í hinum kærða úrskurði er heimiluð leit á heimili varnaraðilja að bókhaldsgögnum, sem sonur hans, Þorfinnur Egilsson, var talinn hafa þar í geymslu, og að hald yrði lagt á þau. Varnaraðilja er heimil kæra samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Kæruefni það, sem varnaraðili er bær um að fá úrlausn um, lýtur að lögmæti leitarinnar sem slíkrar á heimili hans.

Samkvæmt þeim sakargögnum, sem lágu fyrir sakadómi

Keflavíkur, var heimilt að kveða á með úrskurði, að leit að bókhaldsgögnum sonar varnaraðilja skyldi fram fara á heimili hins síðarnefnda í Keflavík, sbr. 2. málsg. 48. gr. laga nr. 74/1974. Ákvæði 53. gr. sömu laga þykja ekki, eins og hér stendur á, eiga að leiða til þess, að úrskurðinum verði hrundið, enda voru leitaraðgerðir þegar hafnar samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur fyrr um daginn og þoldi framhald þeirra í Keflavík þá eigi bið. Hvorki eru á hinum kærða úrskurði né málalíbúnaði þeir agnúar, að hrinda beri honum. Er hann því staðfestur að því er tekur til varnaraðiljans, Egils Þorfinnssonar.

Við afgreiðslu kærumáls þessa til Hæstaréttar urðu þau mistök af hálfu bæjarfógetaembættisins í Keflavík, að varnaraðili var krafinn um 3.000 króna „kærugjald“. Ber bæjarfógetanum í Keflavík f. h. ríkissjóðs að endurgreiða varnaraðilja þessa fjárhæð ásamt vöxtum eins og krafist er.

Kærumálaskostnaður verður eigi dæmdur.

Rétt hefði verið, að fulltrúi rannsóknadeildar ríkisskattstjóra hefði snúið sér beint til lögreglustjórans í Keflavík með ósk um atþeina hans til að fá úrskurð um leit og hald á skjölum, sbr. 73. gr. laga nr. 74/1974 svo sem henni er breytt með 11. gr. laga nr. 107/1976.

Það athugast, að símskeyti það, sem í úrskurðinum er talið dagsett 25. 6. 1976, er dagsett 26. 5. 1976.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að því er tekur til varnaraðiljans, Egils Þorfinnssonar.

Jón Eysteinnsson, bæjarfógeti í Keflavík, f. h. ríkissjóðs greiði varnaraðilja, Agli Þorfinnssyni, 3.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 18. ágúst 1977 til greiðsludags.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 16. ágúst 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 16. ágúst, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var af Guðmundi Kristjánssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Þuríður Jónsdóttir, fulltrúi skattrannsóknarstjóra, hefur í kvöld hér fyrir dómi borið upp beiðni um, að húsleit verði heimiluð á heimili Egils Þorfinnssonar, Suðurgötu 20, Keflavík, en þar dvelur Þorfinnur sonur hans. Er beiðnin sett fram vegna rannsóknar á bókhaldi og skattframtölum Þorfinns, og telur fulltrúinn, að hann hafi ekki staðið skil á bókhaldsgögnum til skattrannsóknadeildar, sem hann hefur verið krafinn um. Vísar hún til 50. gr. laga nr. 68/1971. Húsleit, sem úrskurðuð var í dag á lögheimili Þorfinns að Espigerði 4, Reykjavík, og skrifstofu hans að Vesturgötu 16, Reykjavík, fór ekki fram vegna fjarveru Þorfinns.

Fulltrúinn hefur lagt fram gögn til stuðnings beiðni sinni. Gefur eitt þeirra, ljósrit telexskeytis, dags. 25. 6. (sic) 1976, tilefni til sérstakra grunsemda um ætlað brot á lögum 30/1960, lögum 68/1971 og lögum 51/1968.

Af 4. mgr. 36. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt verður ráðið, að dómsúrskurð þurfi til, er skattrannsóknarstjóri og þeir menn, sem hann felur rannsóknarstörf, sækja aðgöngu að heimilum.

Með hliðsjón af framangreindu og samkv. 48. gr. laga nr. 74/1974 telst nauðsynlegt í þágu nefndrar rannsóknar að heimila, að leit fari fram á heimili Egils Þorfinnssonar, Suðurgötu 20, Keflavík, að bókhaldsgögnum, er varða Þorfinn Egilsson héraðsdómslögmann, og hald verði lagt á þau, sem finnast kunna. Heimildin nær einnig til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Húsleit má fram fara á heimili Egils Þorfinnssonar, Suðurgötu 20, Keflavík, til leitar á bókhaldsgögnum, er varða Þorfinn Egilsson héraðsdómslögmann, sem þar dvelur. Heimilt er að leggja hald á bókhaldsgögn þau, er kunna að finnast. Leit-
arheimildin nær til læstra hirslna.
